

Hestatrygging er samsett trygging sem samanstendur af nokkrum valkvæðum bótaþáttum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk Almennra skilmála félagsins nr. 001

1. KAFLI	ÁBYRGÐARTRYGGING	1
2. KAFLI	SJÚKRAKOSTNAÐARTRYGGING	1
3. KAFLI	LÍFTRYGGING	2
4. KAFLI	AFNOTAMISSISTRYGGING FYRIR REIÐ- OG KEPPNISHESTA	2
5. KAFLI	AFNOTAMISSISTRYGGING FYRIR STÓÐHESTA	3
6. KAFLI	AFNOTAMISSISTRYGGING FYRIR KYNBÓTAHRYSSUR	4
7. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	5

**Vátryggður** er vátryggingartaki. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur niður við eigendaskipti að hinu vátryggða, sbr. þó 40. gr. laga nr. 30/2004.

## 1. KAFLI ÁBYRGÐARTRYGGING

Vátrygging þessi er valkvæð og gildir sé hennar getið á vátryggingarskírteini.

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin tekur til skaðabótaskyldu er fellur á vátryggðan að íslenskum lögum sem eiganda hests, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) af völdum skyndilegs atburðar og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Ábyrgðartryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

### 2. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Sem vátryggður sjálfur, fjölskylda vátryggðs eða umsjónaraðili hestsins verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) vátryggðs, börn og annað skyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
- Á munum sem aðilar skv. a. lið hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu. Vátryggingin bætir heldur ekki tjón á munum, sem vátryggður hefur tekið ófrjálsri hendi.
- Sem stafa af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- Sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald. Sama gildir um sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- Vegna kaups, dagpeninga eða annarra greiðslna, sem vátryggðum ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.

## 2. KAFLI SJÚKRAKOSTNAÐARTRYGGING

Vátrygging þessi er valkvæð og gildir sé hennar getið á vátryggingarskírteini.

### 3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir læknskostnað vegna:

- Skoðunar og meðferðar hestsins vegna sjúkdóms eða slyss með þeim takmörkunum sem getið er í skilmálum þessum.
- Bæklunaraðgerða vegna fæðingargalla fyrir folöld til og með 1 1/2 árs aldurs ef um einhvern eftirfarandi sjúkdóm er að ræða: Samdrátt í sinum, klofinn hóf eða skekkju í vaxtarlínu fóta (bone axis deviation). Bætur eru greiddar vegna alls tímabilsins sem viðkomandi meðferð stendur yfir.

Með bótaþrófu skal skila nákvæmri sundurliðun á kostnaði við meðferð og skoðun. Þar skal einnig koma skýrt fram vegna hvaða hests kostnaðurinn er með því að láta fylgja upplýsingar um nafn hestsins og IS númer.

### 4. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki læknskostnað vegna:

- Sjúkdóms sem fyrst sýnd einkenni innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitni dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
- Segulómsskoðunar (Magnetic Resonance Imaging, MRI) eða sneiðmyndatöku (Computer Tomography, CT)
- Sýnatöku og rannsóknna til þess að ákvarða mótefni eða styrk mótefna.
- Fyrirbyggjandi aðgerða og reglulegra skoðana.
- Skoðunar og meðferðar sem ekki er læknisfræðilega nauðsynleg og/eða réttlætanager.
- Óhefðbundinna lækninga eða meðferða. Þó er kostnaður vegna nálastungumeðferða innifalinn sé hún framkvæmd af dýralækni sem hefur réttindi til slíkra lækninga. Kostnaður við lasergeislameðferð er aðeins greiddur ef um er að ræða meðferð á sárum.
- Tjóna sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja nær til.

- h. Geldingar eða skurðaðgerðar vegna launeistna (cryptorchidism).
- i. Meðferðar sem miðar að því að fylja hryssur, t.d. sýnataka, hormónameðferð, skolon á legi eða almenn meðferð í þessum tilgangi.
- j. Skoðunar eða meðferðar á tönnum, svo og aðgerðar við að fjarlægja úlfatennur (wolf teeth, PM1). Vátryggingin bætir þó meðferð vegna tannrótarbólgu og meðhöndlun á tönnum sem brotna vegna slyss.
- k. Geðlagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- l. Járninga. Þó er kostnaður við umbúðir um veikan hóf greiddur ef búíð er um hófinn af dýralækni eða ef dýralæknir felur reyndum járnungum að búa um hófinn. Í slíkum tilfellum þarf að senda tilvísun dýralæknisins með bótakröfunni. Bætur eru eingöngu greiddar fyrir fyrstu umbúðir, og eingöngu vegna eftirfarandi sjúkdóma: Hófsperru, holti í sperrilegg (lameness in the radius), beinþynningar, brots og/eða sprungna í hófbeini, hols hófveggjar, sýkingar í hófi, aðskotahlutar í hófbotni og /eða hóftungu, sprungu í hófvegg eða alvarlegra hófskemmda og/eða sára.

Félagið greiðir ekki álag á lækniskostnað vegna þess að leita þurfti til dýralæknis utan hefðbundins dagvinnutíma nema brýna nauðsyn hafi borið til. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lyfseðla, reikningsgerðar, vottorða eða sjúkraskýrslugerðar.

### 3. KAFLI LÍFTRYGGING

Vátrygging þessi er valkvæð og gildir sé hennar getið á vátryggingarskírteini.

#### 5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur ef hinn vátryggði hestur:

- a. Deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
- b. Er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflifun er ráðlögð af dýralækni, þar sem læknismeðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
- c. Hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

#### 6. gr. Undanþágur

Félagið greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna:

- a. Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar eða vegna sjúkdóms sem var til staðar eða slyss sem varð áður en vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Sama á við um hækun vátryggingarfjárhæðar. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
- b. Helti.
- c. Spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála þótt þau versni skyndilega.
- d. Líkamlegra þroskahamlana.
- e. Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðun (sclerosis) eða gigt.
- f. Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- g. Viðvarandi vandamála í öndunarfærum þótt þau versni skyndilega.
- h. Tjóna sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja nær til.
- i. Fyrirmæla opinberra yfirvalda um aflifun hestsins eða aðrar sambærilegar ráðstafanir.

### 4. KAFLI AFNOTAMISSI TRYGGING REIÐ- OG KEPPNISHESTA

Vátrygging þessi er valkvæð og gildir sé hennar getið á vátryggingarskírteini. Hún er þó einungis í boði sé líftrygging fyrir hendi og gildir þá sama vátryggingarfjárhæð og í líftryggingunni.

#### 7. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur ef hesturinn lifir og er úrskurðaður algerlega og varanlega ónothæfur til reiðar eða vinnu og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem eru nauðsynlegir til reiðar eða vinnu, vegna einhverra eftirfarandi afleiðinga sjúkdóma eða slysa:

- a. Sára.
- b. Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðun (sclerosis) eða gigt.
- c. Sýkingar í liðamótum.
- d. Hófsperru (laminitis), kölkunar í hófbrjóski (sidebone ossification), hófbrjóskgang (hoof cartilage fistula), hófkrabbamein (hoof cancer), sýkingar í hóf (hoof abscess), hófsprungu (hoof crack), klofins hófveggjar (hoofwall cleft), hols hófveggjar (hollow wall), lélegs hornefnis (poor horn quality), hóftungurots (thrust) og krabbamein í frumum sem framleiða hornefni í hófvegg (keratoma).
- e. Beinklökkva, bein- og brjóskkvellis (osteochondrosis) og annarra bein- og/eða brjóskagna. Þetta á við um kjúkuliði og hækil.
- f. Legna lungnabólgu (pneumonia).
- g. Viðvarandi (króníks) hjartagalla.
- h. Flutningaveiki (transportation disease) og brjósthimnubólgu (pleurisy).

- i. Síendurtekinnar hrossasóttar (colic).
- j. Húðsjúkdóma.
- k. Augnsjúkdóma.
- l. Bólgu í holrúmum höfuðkúpubeina (sinusitis).
- m. Æxlis (neoplastic diseases, tumor diseases).

**8. gr. Undanþágur**

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- a. Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar eða vegna sjúkdóms sem var til staðar eða slyss sem varð áður en váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Sama á við um hækkun váttryggingarfjárhæðar. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
- b. Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta).
- c. Afleiðinga slysa sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja tekur til.
- d. Annarra sjúkdómsgreininga en þeirra sem tilgreindar eru í skilmálum þessum.

**5. KAFLI AFNOTAMISSISTRYGGING FYRIR STÓÐHESTA**

Váttrygging þessi er valkvæð og gildir sé hennar getið á váttryggingarskírteini. Hún er þó einungis í boði sé líftrygging fyrir hendi og gildir þá sama váttryggingarfjárhæð og í líftryggingunni.

**9. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Félagið greiðir bætur vegna varanlegrar ófrjósemi stóðhests eða missi líkamlegrar getu til að fylja hryssur vegna sjúkdóms eða slyss. Váttryggingin er eingöngu fyrir stóðhesta sem hafa sannanlega staðfesta hæfni til að fylja hryssur.

Til að váttryggingin verði virk þurfa 15 hryssur eða fleiri að vera leiddar undir stóðhestinn eða sæddar með sæði hans á hverju notkunartímabili. Notkunartímabil er skilgreint sem húsnotkun og tvö samliggjandi gangmál innan eins og sama almanaksársins. Notkunartímabil hefst sama dag og húsnotkun eða fyrra gangmál hefst, og því lýkur sama dag og síðara gangmáli lýkur. Við mat á hæfni hestsins til fyljunar er stuðst við stóðhestaskýrslu hestsins fyrir hvert notkunartímabil, og fyljunarhlutfall hans fyrir sama tímabil. Fyljunarhlutfall er hlutfall hryssa sem hafa orðið fylfullar á móti heildarfjölda hryssa sem leiddar eru undir hestinn eða sæddar með sæði hans á hverju almanaksári. Upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar við útreikning fyljunarhlutfalls skulu fengnar úr fangvottorðum hryssa, sem móttækin eru og skráð af Bændasamtökum Íslands, í samræmi við reglgerð 442/2011 um uppruna og ræktun íslenska hestsins. Fyljunarhlutfall skal reikna í fyrsta lagi mánuði eftir lokaskilafrest til innsendinga á fangvottorðum til Bændasamtaka Íslands.

**10. gr. Undanþágur**

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- a. Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar eða vegna sjúkdóms sem var til staðar eða slyss sem varð áður en váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Sama á við um hækkun váttryggingarfjárhæðar. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
- b. Vegna vandamála sem tengjast erfðagalla hestsins sem leiða til þess að taka þurfti hann úr ræktun.
- c. Geðslagsvandamála eða annarra geðsjúkdóma.
- d. Spatts.
- e. Afleiðinga slysa sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja tekur til.

**11. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?**

Bætur eru greiddar sem hér segir:

- a. Bætur sem jafngilda markaðsvirði hestsins er greiddar ef engin hryssa hefur orðið fylfull eftir stóðhestinn að loknu notkunartímabilinu.
- b. Bætur sem jafngilda 75% af markaðsvirði hestsins er greiddar ef fyljunarhlutfall er 10% eða lægra að loknu notkunartímabilinu. Sé fyljunarhlutfallið hærra eru engar bætur greiddar.

Félagið greiðir ekki bætur nema dýralæknir hafi, með skoðun og rannsókn, þ.m.t. rannsókn á magni og gæðum sæðisfruma, staðfest skerðingu eða algeran missi frjósemi sem rekja má beint til slyss eða sjúkdóms sem hesturinn hefur orðið fyrir á váttryggingartímanum. Greiði félagið bætur skal hesturinn geldur. Bætur eru ekki greiddar fyrr en gelding hefur farið fram og staðfesting þar að lútandi send félaginu. Verði hesturinn seldur ber seljanda að tilkynna kaupanda um hið takmarkaða notagildi hestsins.

Þegar bætur eru greiddar færast eignarréttur á frosnu sæði sem og kröfuréttur og bætur gagnvart þriðja aðila til félagsins.

**12. gr. Aldursmörk**

Váttryggingin fellur niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hesturinn verður 16 vetra.

**13. gr. Skráning og upplýsingaskylda**

Vátryggður er ábyrgur fyrir að halda stóðhestaskýrslu um notkun hestsins og hversu oft hann er leiddur á hryssur. Einnig skal þar koma fram hvenær sæði er tekið úr hestinum og hryssur sæddar. Tilkynna skal félaginu strax ef smitsjúkdómur kemur upp í hesthúsinu þar sem hann er geymdur eða á öðrum stað þar sem hann heldur til, og hætta er á að stóðhesturinn geti smitast af beinni snertingu, eða hann smiti hryssurnar og þar með haft áhrif á mögulega fyljun þeirra. Ef grunur leikur á að svo sé skal tafarlaust leita til dýralæknis. Upplýsingar um fjölda fyljaðra hryssa skulu staðfestar með fyljunarvottorði frá Bændasamtökum Íslands.

**6. KAFLI AFNOTAMISSISTRYGGING FYRIR KYNBÓTAHRYSSUR**

Vátrygging þessi er valkvæð og gildir sé hennar getið á vátryggingarskírteini. Hún er þó einungis í boði sé líftrygging fyrir hendi og gildir þá sama vátryggingarfjárhæð og í líftryggingunni.

**14. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Félagið greiðir bætur ef hryssan lifir og er úrskurðuð algerlega og varanlega ónothæf til ræktunar í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til ræktunar vegna einhverra eftirfarandi afleiðinga sjúkdóma eða slysa:

- Alvarlegra áverka á kynfærum.
- Sjúkdóma og áverka vegna köstunar.
- Æxlis (neoplastic diseases, tumor diseases).
- Sára.
- Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
- Hófsperru (laminitis), kölkunar í hófbrjóski (sidebone ossification), hófbrjóskgangs (hoof cartilage fistula), hófkrabbameins (hoof cancer), sýkingar í hóf (hoof abscess), hófsprungu (hoof crack), klofins hófveggjar (hoofwall cleft), hols hófveggjar (hollow wall), lélegs hornefnis (poor horn quality), hóftungurots (thrust) og krabbameins í frumum sem framleiða hronefni í hófvegg (keratoma).
- Flutningaveiki (transportation disease) og brjósthimnubólgu (pleurisy).
- Viðvarandi (krónisks) hjartagalla.
- Síendurtekinnar hrossasóttar (colic).
- Húðsjúkdóma.
- Augnsjúkdóma.
- Bólgu í holrúmum höfuðkúpubeina (sinusitis).

Þá greiðir félagið bætur sem nema 10% af markaðsvirði hryssunnar fyrir fyl í hryssu eða folald ef hryssan er á aldrinum þriggja til átján vetra ef:

- Fylið ferst á 91. degi eða síðar frá því að hryssan var síðast hjá stóðhesti, af völdum fósturláts, erfiðleika við köstun, eða dauða hryssunnar. Staðfesting dýralæknis á fósturláti þarf að liggja fyrir.
- Ekkert fyl eða folald skilar sér hjá hryssu sem þó hefur verið staðfest fullfull með skoðun dýralæknis, ómskoðun eða blóðprófi. Skoðun þarf að hafa farið fram í fyrsta lagi 90 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sé stuðst við blóðpróf þarf „oestrone sulphate“ hlutfall í blóði að vera að lágmarki 75 nM/lítra, og prófið að hafa verið tekið í fyrsta lagi 110 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti.
- Folaldið drepst eða það þarf að aflífa það innan 30 daga frá fæðingu vegna meiðsla, sjúkdóms eða fæðingagalla.

Bætur eru aðeins greiddar út tvisvar á ævi hverrar hryssu. Sú takmörkun á þó ekki við ef folald ferst eða fella þarf það vegna áverka sem hljótast af slysi. Ef um fjölburafæðingu er að ræða, eru aðeins greiddar bætur fyrir eitt folald (fyl). Ef eitthvert folaldanna lifir, eru engar bætur greiddar.

**15. gr. Undanþágur**

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Sjúkdóms sem hryssan fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar eða vegna sjúkdóms sem var til staðar eða slyss sem varð áður en vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Sama á við um hækkun vátryggingarfjárhæðar. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
- Annarra sjúkdómsgreininga á hryssunni en þeirra sem tilgreindar eru í skilmálum þessum.
- Geðslagsvandamála hryssu, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta).
- Félagið greiðir ekki bætur vegna fylja og folalda ef vátryggingin er tekin síðar en níu mánuðum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sama á við ef hryssan deyr eða hún er felld vegna áverka og/eða sjúkdóms sem var til staðar þegar vátryggingin var keypt.
- Afleiðinga slysa sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja tekur til.

**16. gr. Tímatakörk**

Ábyrgð félagsins vegna folalda gildir þar til líftrygging er keypt fyrir folaldið eða þegar það nær 30 daga aldri, hvort sem á undan verður.

## 7. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

### 17. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi.

### 18. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Vátryggingin tekur til þess hests sem tilgreindur er á vátryggingarskírteini og telst hann hið vátryggða.

### 19. gr. Skilgreiningar

Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

- Slys** er skyndilegur utanaðkomandi atburður, eða verknaður hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem annast hann.
- Sjúkdómur** er það ef hesturinn veikist af þekktum og skilgreindum sjúkdómi, sem ekki er sérstaklega undanskilinn í skilmálunum.
- Lækniskostnaður** er greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Ennfremur lyf sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóms og slysa. Ferða- og flutningskostnaður vegna meðferðar og skoðunar telst ekki vera lækniskostnaður. Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur teljast ekki vera lækniskostnaður.
- Læknismeðferð** er skoðun og meðferð sem framkvæmd er af dýralækni með starfsleyfi á Íslandi og í samræmi við reynslu, sérfræðipækkingu og viðurkenndar aðferðir á sviði dýralækninga.

### 20. gr. Varúðarreglur

- Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun skal vera í samræmi við ákvæði laga um dýravernd nr.15/1994 með síðari breytingum, svo og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.
- Fylgja skal reglum sveitarfélaga um lausagöngu. Með eftirliti og viðhaldi girðinga skal kappkosta að halda hestinum innan fyrirhugaðs og löglegs svæðis.
- Hesturinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja og við eiga á viðkomandi stað eða landssvæði. Jafnframt skulu lyf notuð til að eyða lús, eftir því sem þörf er á.
- Vanda skal umhirðu tanna og hófa og viðhafa reglulega fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem röspun tanngadda, járnningar reiðhesta og tálgun og hreinsun hófa. Aðeins reyndir járníngamenn skulu járna keppnis- og kynbótahross.
- Ormahreinsun skal fara fram a.m.k. tvisvar á ári eftir ráðleggingum dýralækna.
- Þegar hestur hverfur ber vátryggðum að auglýsa eftir honum í fjölmiðlum og standa fyrir leit að honum.
- Vátryggður skal hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef hesturinn sýnir merki um lasleika eða vanheilsu. Einnig skal tafarlaust hafa samband við dýralækni hraki heilsu hestsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan hesturinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss og einnig ef heilsu hestsins hrakar meðan á meðferð stendur. Vátryggður skal halda utan um allar vitjanir og heimsóknir hestsins til dýralæknis.

### 21. gr. Aldurstakmörk

Bætur vegna dauða og afnotamissis lækka um 20% þegar hesturinn verður 15 vetra og síðan árlega um 10% af þeirri vátryggingarfjárhæð sem kemur fram í vátryggingarskírteini.

Vátryggingin endurnýjast ekki á því almanaksári sem hesturinn verður 22 vetra.

### 22. gr. Gagnaöflun

Við uppgjör tjóns og ákvörðun bótaskyldu er félaginu heimilt að afla upplýsinga hjá dýralæknum um sjúkrasögu og heilsufar hestsins og annað sem skipt getur máli við uppgjör tjónsins. Félagið getur farið fram á krufningu telji félagið að það sé nauðsynlegt til að skera úr um bótaskyldu eða orsök fyrir dauða hestsins. Í slíkum tilfellum greiðir félagið krufninguna.

### 23. gr. Skyldur vátryggðs vegna tjóns

Ef tjón verður er vátryggðum skylt:

- að kalla til dýralækni án tafar jafnvel þótt á hestinum sé ekki önnur eiginleg sjúkdómseinkenni en sljóleiki og lystarleysi,
- að tilkynna félaginu án tafar um tjónsatvik,
- að láta sjúkan eða slasaðan hest vera í eðlilegri umönnun dýralæknis allan tímann á meðan hann er vanheill,
- að fylgja fyrirmælum dýralæknis eða félagsins um meðhöndlun hestsins,
- að gefa allar upplýsingar og útvega öll gögn sem félagið krefst og geta haft þýðingu við tjónsmatið, þ.m.t. dánarvottorð fyrir aflífaðan hest,
- að beiðni félagsins að sjá um bólusetningu eða sermímeðferð hins vátryggða hests ef smitsjúkdómur hefur brotist út eða ef mikil hætta er á því að slíkur sjúkdómur brjóttist út.

Ef váttryggður hestur drepst skyndilega eða slasast svo alvarlega að nauðsynlegt reynist að aflífa hann áður en dýralæknir kemur á staðinn skal fá staðfestingu dýralæknis á atvikum. Ef ætla má að váttryggður eigi skaðabótakröfu á hendur öðrum aðilum vegna bótaskylds atburðar er honum skylt að gera ráðstafanir til að sanna slíka kröfu, þar á meðal að kveða til lögreglu til rannsóknar á vettvangi slyss. Við dauðsföll eða ef þörf er aflifunar vegna sjúkdóms skal váttryggður sjá til þess að dýralæknir eða annar sérfræðingur sem félagið samþykkir framkvæmi krufningu og gefi út dánarvottorð. Ef hestur tapast skal váttryggður án tafar hefja leit, auglýsa eftir hestinum og tilkynna lögreglu um hvarfið, svo og félaginu.

#### **24. gr. Sérregla um útgreiðslu bóta og lok váttryggingar**

Aldrei eru greiddar bætur vegna sama tjónsatburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu né heldur úr fleiri en einni afnotamissistryggingu.

Ef bætur eru greiddar úr líftryggingu eða afnotamissistryggingu vegna reiðar og keppni fellur Hestatryggingin niður í heild sinni. Séu bætur greiddar vegna afnotamissis stóðhests eða kynbótahryssu gilda aðrir þættir váttryggingarinnar áfram hafi iðgjald verið greitt vegna þeirra.

Komi til þess að hesturinn hafi tapað notagildi sínu en lifi áfram sendir félagið upplýsingar um minnkað notagildi hans til Bændasamtaka Íslands sem skráir þessar upplýsingar í WorldFeng.

**Skilmálar þessir gilda frá 2. mars 2020**